


**Alþingi**  
Erindi nr. P 137/279  
komudagur 18.6.2009



Reykjavík 17.júní, 2009

**Utanríkismálanefnd Alþingis**  
Nefndasvið Alþingis

38. mál

**Umsögn Framtíðarlandsins um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu**

Stjórn Framtíðarlandsins hefur tekið til skoðunar tillögur til þingsályktunar (þskj. 38 og 54) er varða aðild að Evrópusambandinu

Stjórnin leggst ekki gegn því að að lögð verði inn umsókn og farið í aðildarviðræður sem ljúki með samningi sem verður lagður í dóm þjóðarinnar. Hún fagnar því ákvæði í þskj. 38 að lagt verði fram frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál.

Framtíðarlandið vill ítreka að umhverfisverndarsamtök komi að mótun samningsmarkmiða og að aðildarviðræðunum sjálfum, enda er mikilvægt að Íslendingar reyni ekki að fá undanþágur frá löggjöf og tilskipunum ESB um umhverfismál.

Lögð er til breyting á tillögum þskj 38 er varða grundvallarhagsmuni Íslands. Lagt er til að fyrsta tillagan hljóði svo. „Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og sjálfbærri ráðstöfun þeirra í samræmi við umhverfistefnu ESB“

Með vinsemd og virðingu

Stjórn Framtíðarlandsins